**Ed.** **180. Nefndarálit** [85. mál]

um frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frumvarp er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst sl. Ríkisstjórnin hafði þá misst þingmeirihluta sinn í neðri deild. Frumvarpið var ekki lagt fram á Alþingi fyrr en mánuði eftir að þing kom saman. Ástæðan er ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar um önnur mál, sem fylgja áttu þessum lögum, og þá fyrst og fremst um nýjan viðmiðunargrundvöll og verðbótatímabil þegar kaupgreiðsluvísitala er reiknuð. Um þetta mál er enn ágreiningur í ríkisstjórninni og vísitölunefnd, en fulltrúar Framsóknarflokksins hafa tekið skýrt fram að stuðningur þeirra við bráðabirgðalögin sé bundinn því skilyrði, að breytingar verði gerðar á útreikningi kaupgjaldsvísitölu. Einn þingmaður Alþýðubandalagsins hefur þann fyrirvara á stuðningi sínum við bráðabirgðalögin, að frv. um lengingu orlofs nái fram að ganga.

**Algjör óvissa ríkir því enn um endanlega afstöðu stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar til þessa máls.**

Ríkisstjórninni var fullkunnugt, þegar þessi bráðabirgðalög voru gefin út, að hún hafði misst þingmeirihluta sinn í neðri deild. Samt greip hún til þess ráðs að gefa lögin út. Eitt meginákvæði laganna er skerðing verðbóta á laun 1. desember. Ekki verður séð að „brýna

nauðsyn" hafi borið til slíkrar löggjafar í ágúst (sbr. ákvæði stjórnarskrár) þar sem Alþingi kemur saman 10. október og gefst nægur tími til slíkra aðgerða, ef meiri hluti er til staðar til þess.

Hér eru því á ferðinni vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar sem vega að sjálfu þingræðinu í landinu, enda blöskrar mörgum óbreyttum stuðningsmönnum hennar á Alþingi þessi valdhroki.

Ríkisstjórnin hafði ekkert samráð við stjórnarandstöðuna um þessa lagasetningu, þótt fyrir lægi að staða hennar hefði veikst á Alþingi. Þingflokkur sjálfstæðismanna kom þá saman og mótmælti eindregið þessum vinnubrögðum. Hann krafðist þess, að þing yrði kvatt saman. Þar yrðu brýnustu mál afgreidd, þing rofið og gengið til kosninga sem nú væri lokið fyrir alllöngu. Þá hefði gefist svigrúm til þess að breyta algerlega um stefnu og hefja það endurreisnarstarf sem þörf er á eftir fjögurra ára óstjórn í landinu.

Formaður Framsóknarflokksins hefur viðurkennt að þessi lýðræðislega krafa sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu var rétt. Með þessum hætti hefði mátt komast hjá þeirri algeru sjálfheldu og upplausn sem ríkt hefur í þingstörfum nú í haust, á sama tíma sem erfiðleikar hafa hrannast upp og hættuástand magnast í efnahagslífi þjóðarinnar.

Fram hefur komið á fjárhags- og viðskiptanefndarfundum að þessi umdeildu bráðabirgðalög hafa valdið færustu lögfræðingum miklum heilabrotum. Fyrir liggur álit prófessors Sigurðar Líndals um að óbreytt orðalag 1. gr. yrði ekki ,,skilið á annan veg en þann, að verðbótahækkanir skertust sem þessu næmi öll verðbótatímabil sem lögin héldu gildi."

Þá segir próf. Sigurður Líndal um 2. gr. laganna, sem fjallar um greiðslu láglaunabóta:

**,,Við ákvæðið er það helst að athuga, að þar er enga vísbendingu að finna um það, við hvað sé átt með orðinu ,,láglaunafólk".**

Í þessu sambandi segir próf. Sigurður Líndal:

,,Hitt er svo annað mál, að nauðsynlegt er að Alþingi taki til sérstakrar umfjöllunar stöðu sína gagnvart framkvæmdavaldinu og marki þar stefnu."

Síðan bráðabirgðalögin voru sett hafa sérfræðingar fjármálaráðuneytisins lagt nótt við dag í því verkefni að skilgreina hvað skuli teljast ,,láglaunafólk". Alþingi á ekki að gera það, skv. stefnu ríkisstjórnarinnar. Ekki hefur tekist að fá upplýsingar um endanlega útfærslu þessarar skilgreiningar þótt nú séu nærri 4 mánuðir liðnir frá útgáfu bráðabirgðalaganna.

Þá hafa komið upp mikil lögfræðileg álitamál um útreikning verðbótavísitölu frá þeim degi sem bráðabirgðalögin kynnu að falla á Alþingi.

Próf. Sigurður Líndal segir það álit sitt í bréfi til fjárhags- og viðskiptanefndar, dags. 9. des. s.l., að hann telji að ,,kauplagsnefnd eigi þá að reikna út verðbætur á laun að nýju og birta tilkynningu þar að lútandi. Þær greiðist síðan launþegum frá þeim degi sem lögin ganga úr gildi."

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands, sem komu á fund nefndarinnar, tóku undir þessa skoðun próf. Sigurðar Líndals.

Vinnuveitendasamband Íslands er á öndverðri skoðun. Í bréfi frá því til fjárhags- og viðskiptanefndar, dags. 29. nóv. s.l., segir:

,,Af framanskráðu er ljóst, að samkvæmt ákvæðum gildandi laga hækka laun hinn 1. dag hvers verðbótatímabils um þann hundraðshluta, er kauplagsnefnd hefur reiknað út skv. gildandi ákvæðum þar um. Launataxtar, þannig greiddir, gilda út allt verðbótatímabilið, og er sá hluti launa, er stafar af greiðslu verðbóta, þar ekki sérgreindur með neinum hætti."

Um þetta efni segir svo í skriflegu svari forsætisráðherra til fjárhags- og viðskiptanefnda, sem hann lagði fram á fundi 9. des. s.l.:

„Varðandi verðbætur frá falldegi laganna og til 28. febrúar, þá eru tvær skoðanir uppi.

Önnur er sú, að ákvörðun um verðbætur frá 1. desember 1982, sem gerð var í samræmi við þágildandi lög, gildi fyrir allt þriggja mánaða verðbótatímabilið og haldi því gildi sínu til febrúarloka 1983.

Hin skoðunin er sú, að frá falldegi laganna til febrúarloka eigi að greiða verðbætur án skerðingar skv. 1. gr. bráðabirgðalaganna.

Ef til þess kæmi, sem ég tel harla ólíklegt, að bráðabirgðalögin yrðu felld, mundi þessi ágreiningur **væntanlega ganga til úrskurðar kauplagsnefndar og dómstóla.**" (Leturbr. hér.)

Af þessu leiðir að ríkisstjórnin telur nú að komið geti til langvarandi málaferla út af falli bráðabirgðalaganna á Alþingi, einmitt á tímabilinu 1. des. til 28. febrúar.

Ábyrgð á þeirri uppákomu verður að skrifa alfarið á reikning ríkisstjórnarinnar. Hún hundsaði kröfur sjálfstæðismanna um að Alþingi kæmi saman þá þegar eftir útgáfu laganna. Hún dró að leggja frumvarpið fram vegna deilu stjórnarliða um bráðabirgðalögin og fylgifrumvörp þeirra. Sú deila stendur enn. Ef ríkisstjórnin knýr fram atkvæðagreiðslu um frumvarpið einmitt á þeim tíma, sem þessi réttaróvissa stendur yfir, eru úrslitin og afleiðingar þeirra á hennar ábyrgð.

## I. Aðdragandi bráðabirgðalaganna. Efnahagsráðstafanir á yfirstandandi ári.

Í fylgiskjali með þessu nefndaráliti er rakin ítarlega þróun efnahagsmála í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar og núverandi ríkisstjórnar, sem hefur ekki síður fylgt vinstri stefnu.

Hér verður fyrst og fremst vikið að efnahagsástandinu á þessu ári og „ráðstöfunum" sem gerðar hafa verið. Um bakgrunninn vísast til áðurnefnds fylgiskjals.

Á árunum 1980 og 1981 var úr að spila mesta aflaverðmæti (reiknað á föstu verði) sem um getur í sögunni. Samt sem áður hafði þjóðarframleiðslan staðnað og lífskjör versnað á þessum metárum. Undir síðustu áramót var það deginum ljósara að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar — m. a. röng gengisskráning — ýtti mjög undir vaxandi viðskiptahalla og erlenda eyðsluskuldasöfnun, auk þess sem atvinnuvegunum var haldið á floti með síauknum lántökum. Verðbólga fór ört vaxandi.

Ríkisstjórnin kaus að stinga höfðinu í sandinn. Eftir áramótin gaf hún út eina yfirlýsinguna enn í almennum stjórnarsáttmálastíl, en gerði síðan þær „ráðstafanir" sem fólust í almennum skattahækkunum og auknum niðurgreiðslum sem áttu að lækka verðbætur um 6 prósentustig.

Þessar svokölluðu efnahagsaðgerðir fengu háðulegar viðtökur. Forseti ASÍ nefndi þær „drullukökugerð", en þingmenn yfirleitt „þorrabakka". Öllum var ljóst að engin viðspyrna var í þessu káki, en sveitarstjórnarkosningar stóðu fyrir dyrum og kjarkurinn í stjórnarherbúðunum eftir því.

Fram eftir árinu lét ríkisstjórnin svo og einstakir ráðherrar að nánast væri allt með felldu í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Fjármálaráðherra hélt því fram m. a. í efri deild við umræður um lánsfjárlög á vordögum, að erlendar skuldir þjóðarinnar væru alls ekki miklar.

Nokkrum vikum síðar breyttist aldeilis tónninn í forráðamönnum ríkisstjórnarinnar. Þá skrifaði fjármálaráðherra í Þjóðviljann:

**„Við eru að sökkva í ískyggilega skuldasöfnun“.**

Sumir ráðherrar tóku svo djúpt í árinni að nú væri skollin á **„mesta efnahagskreppa á síðustu áratugum“.**

Samt bólaði ekkert á efnahagsúrræðum. Gjaldeyrir var á útsölu, eyðsluskuldir hrönnuðust upp, atvinnuvegirnir að sökkva í skuldafen vegna taprekstrar, verðbólgan var á fleygiferð. Vikum og mánuðum saman stóðu yfir átök í ríkisstjórninni og munaði hársbreidd að hún hrökklaðist frá. Þá náðist samkomulag um útgáfu þessara bráðabirgðalaga 21. ágúst s.l., en þá hafði ríkisstjórnin misst þingmeirihluta sinn í neðri deild, eins og áður segir.

Í þessum bráðabirgðalögum felst fyrst og fremst tvennt: Verðbótaskerðing á laun, sem reyndist 7,71% hinn 1. des. s.l., og hækkun á vörugjaldi um 1/3 úr 24% í 32% og 30% í 40% á tímabilinu ágúst til 28. febrúar.

Þegar þessi verðbótaskerðing er meðtalin hafa verðbætur á laun verið skertar á öllum útreikningsdögunum fjórum á yfirstandandi ári eða sem hér segir:

1. mars 2.19% vegna Ólafslaga.
1. júní 0.60% vegna Ólafslaga.
1. sept. 4.30% vegna Ólafslaga og samninga ASÍ (2.9%).
1. des. 2.08% vegna Ólafslaga.
1. des. 7.71% vegna bráðabirgðalaganna.

**Samanlagt er þetta tæplega 17% skerðing verðbóta á árinu.**

Vísitalan var greidd niður um 6 prósentustig fyrri hluta ársins. Verðbætur hafa verið skertar um 17% á árinu. Samt verður verðbólga frá ársbyrjun til ársloka 62% miðað við framfærsluvísitölu, en 64—65% miðað við byggingarvísitölu.

## II. Samanburður við ráðstafanir í febr. 1978.

Því hefur verið haldið fram, að þessar ráðstafanir í bráðabirgðalögunum séu nánast alveg þær sömu og ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar gerði í febrúar 1978.

Þetta er alrangt. Þær ráðstafanir komu í kjölfar svonefndra „sólstöðusamninga“ á árinu 1977. Þá var grunnkaup hækkað um 28% í einu stökki. Auk þess var í gildi sérstakur verðbótaauki, sem fólst í því að mæla sérstaklega hækkanir sem urðu á verðbótatímabilinu.

Nú koma þessar ráðstafanir í kjölfar sérstakrar 7% skerðingar 1. mars 1981, lítillar grunnkaupshækkunar og þriggja verðbótaskerðinga á árinu 1982.

Þessar efnahagsráðstafanir eru auk þess gjörólíkar. Á árinu 1978 voru bætur almannatrygginga hækkaðar í þeim lögum, skattar voru lækkaðir og heimild til niðurskurðar ríkisútgjalda. Nú eru þvert á móti skattar hækkaðir. Engar heimildir eru til lækkunar ríkisútgjöldum og engin ákvæði um hækkun bóta almannatrygginga.

Ráðstafanir 1978 voru samþykktar fyrir opnum tjöldum á Alþingi. Nú gefur ríkisstjórnin út bráðabirgðalög sem hún veit að njóta ekki fylgis meiri hluta þingmanna í neðri deild. Þar er ólíku saman að jafna.

Afstaða verkalýðshreyfingarinnar er líka ólík gagnvart þessum ráðstöfunum því sem þá var. Efnt var til ólöglegra verkfalla og útflutningsbanns. Áróðursbæklingar voru gefnir út um „kauprán“ þáverandi ríkisstjórnar. Á fjárhags- og viðskiptanefndarfundum var óskað

eftir sýnishornum af þessum gögnum ASÍ. Þau hafa ekki borist af einhverjum ástæðum. Nú hefur einhver reiknimeistari hjá ASÍ komist að þeirri niðurstöðu, að þessi lög skerði kjör um nálægt 2.5%. Það væri ekki ófróðlegt að bera saman þá niðurstöðu og útreikningana 1978.

Hér fer á eftir samanburður í stórum dráttum á febrúarlögunum 1978 og bráðabirgðalögunum nú:

| | 1978: | 1982: |
|---|---|---|
| 1. | Verðbótaskerðing ákveðin á laun, þó þannig að full verðbótaskerðing varð ekki fyrr en sem nam tvöföldum Dagsbrúnarlaunum. Lægstu tekjur ekki skertar. | Verðbótaskerðing á öll laun. Lægstu laun líka skert. Láglaunabætur úr ríkissjóði. |
| 2. | Sérstök hækkun ákveðin á bótum almannatrygginga og barnabóta. | Engin slík ákvörðun í bráðabirgðalögunum. |
| 3. | **Lækkun** skatta ákveðin. Vörugjald lækkað um 11%. | **Hækkun** skatta. Vörugjald hækkað um allt að 33%. |
| 4. | **Ákveðin** lækkun ríkisútgjalda. | Ríkisútgjöld **hækkuð** með sköttum. |

## III. Horfur á árinu 1983.

Einn ráðherra í núverandi ríkisstjórn hefur sagt að það, sem einkenni störf hennar í stjórn efnahagsmála, sé: „**of lítið — of seint**“.

Hvað sem því líður eru horfur á því, að það hættuástand, sem skollið er á í íslensku efnahagslífi, magnist með hverjum mánuði sem líður þrátt fyrir útgáfu þessara bráðabirgðalaga.

Almennt má segja að sérfræðingar, almannasamtök og stofnanir séu sammála um að efnahagshorfur á árinu 1983 séu að versna, og hefur þó ekki verið spáð góðu útliti t. d. í þjóðhagsspá ríkisstjórnarinnar. Einstakir ráðherrar og forustumenn stjórnmálaflokka hafa dregið upp dekkstar myndir af ástandinu. Alþýðubandalagið telur til að mynda ástæðu til að slá því upp sem kosningaprógrammi, að nú sé ástandið þannig að gera þurfi fjögurra ára neyðaráætlun eftir setu ráðherra þess í ríkisstjórn jafnlangan tíma.

**Ástand og horfur í efnahags- og atvinnumálum eru í stórum dráttum þannig að mati Þjóðhagsstofnunar og fleiri aðila** (sjá enn fremur fylgiskjal I):

1. **Viðskiptahalli verður ískyggilegur og erlendar greiðsluskuldir aukast:**

Í fyrra og á yfirstandandi ári er áætlað að viðskiptahallinn við útlönd verði nálægt 5 000 milljónum króna á verðlagi ársins í ár. Það er upphæð sem nemur tæplega 17% af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Í ár er hallinn 11%. Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun spá 6% viðskiptahalla á næsta ári, sem jafngildir 2 500 milljónum króna á áætluðu meðalgengi þessa árs.

Þessi spá er byggð á mjög bjartsýnum forsendum. Hún er byggð á meiri afla en ýmsum þykir eðlilegt að spá. Þá er gert ráð fyrir verulegri sölu á birgðum í landinu, m. a. skreið, sem því miður virðast litlar horfur á að geti ræst. Enn fremur er þessi spá miðuð við 8% samdrátt í fjárfestingu í landinu.

Eyðsluskuldir aukast að sama skapi og viðskiptahallanum nemur. Nettóskuldir þjóðarbúsins erlendis, sem voru 32% af þjóðarframleiðslu síðustu árin (9.9% 1966, áður en efnahagsáföllin 1967 skullu á), nálgast 50% á næsta ári.

Greiðslubyrði langra erlendra lána er talin verða 25% af útflutningstekjum á næsta ári, m. a. vegna óreiðu- og eyðslulána sem taka þarf til þess að fleyta atvinnuvegunum og jafna viðskiptahallann. Þetta má orða svo, að fjórði hver fiskur fari nú í greiðslur af erlendum lánum.

Til samanburðar má geta þess, að greiðslubyrði 1978 var 13.3% af útflutningstekjum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir svo orðrétt:

**„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrðar af erlendum skuldum fari ekki fram úr um það bil 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum.“**

Fjármálaráðherra hefur sagt um þessa þróun í erlendum lántökum orðrétt:

**„Við erum óneitanlega að sökkva á kaf í ískyggilegri skuldasöfnun.“**

Óhætt er að taka undir þessa fullyrðingu ráðherrans. Þetta er tvímælalaust mesta hættan í efnahagsmálum nú. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er í veði. Það fjármagn, sem tekið er að láni til að jafna greiðsluhallann vegna umframeyðslu, rennur ekki til uppbyggingar atvinnuveganna. Þessi skuldastaða í heild er orðin svo óhagstæð að svigrúm til erlendrar lántöku til uppbyggingar á næstu árum er nánast horfið. Þetta hefur að sjálfsögðu stórfellda hættu á atvinnuleysi í för með sér.

2. **Langvarandi taprekstur undirstöðuatvinnuveganna og skuldasöfnun er eitt einkenni efnahagskreppunnar:**

Í greinargerð með fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1981, 1982 og 1983 hefur verið vikið að **„afar slæmri afkomu“** eða **„slakri afkomu atvinnuveganna“**. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem fylgdi þessum bráðabirgðalögum, segir orðrétt:

**„Sá vandi, sem við er að glíma, er djúpstæðari og umfangsmeiri en um langt skeið vegna þess að þjóðarbúið og atvinnuvegirnir eru vanbúin að mæta ytri áföllum.“**

Afli togaraflotans jókst úr 262 þús. tonnum árið 1977 í 394 þús. tonn á árinu 1981 eða 50% á tímabilinu. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu á heildarafla togaraflotans var hagur hans verulega verri á árinu 1981 en hann var á árinu 1978. Þetta gerðist þótt meðalafli minni togara hafi aukist um 37% á úthaldsdag á þessu tímabili.

Afli bátaflotans nam árið 1978 209 þús. tonnum, en á árinu 1981 um 305 þús. tonnum. Aukning aflans nemur því 46%. Þrátt fyrir þessa gífurlegu aflaaukningu var hagur bátaflotans verulega lakari á árinu 1981 en á árinu 1978.

Nú eftir 1. desember eru bátar og togarar reknir með svo gífurlegu tapi að það er talið nema 14—15% af tekjum þeirra. Þá er gert ráð fyrir því, að afli sé eins og í ár á hvern úthaldsdag. Þetta mundi þýða meiri afla en í ár. Ef ráð er gert fyrir sama heildarafla og á þessu ári eykst tapið um 6—7%.

Þessar afkomutölur eru byggðar á því, að olíugjald haldist óbreytt og niðurgreiðsla á olíu verði 22%, eins og hún er nú, en engar hugmyndir liggja fyrir hvernig fjár verður aflað til þess.

Það eru því ískyggilegar horfur varðandi rekstrarskilyrði fiskveiðiflotans um áramótin.

Sömu sögu er að segja um aðalgrein fiskvinnslunnar á þessu tímabili, frystinguna. Mikil afla- og hráefnisaukning frá árinu 1978 hefur ekki haft í för með sér betri afkomu frystingarinnar, þvert á móti hefur afkoma hennar versnað mjög á þessu tímabili. Þótt afkoma hennar sé ef til vill þolanleg vegna mikils gengissigs undanfarið, þá er ljóst að fiskvinnslan þolir ekki þá gífurlegu hækkun fiskverðs sem útgerðin þyrfti til þess að ná endum saman.

Í þjóðhagsáætlun er að því vikið, að stefnan í gengismálum 1981 og framan af þessu ári hafi bitnað mjög á afkomu útflutnings- og samkeppnisiðnaðar.

Þetta eru skýr dæmi um afkomu atvinnuveganna undanfarin ár, enda á allra vitorði að skuldasöfnunin ein hefur haldið atvinnulífinu gangandi. Sú skuldasöfnun gengur auðvitað ekki til lengdar og hefur í för með sér gífurlegan fjármagnskostnað. Þessi þróun stefnir atvinnulífinu augljóslega í algera tvísýnu ef ekki er breytt um stefnu og svo fer fram sem nú horfir.

3. **Heildarsparnaður þjóðarinnar hefur minnkað svo undanfarið að nálgast hrun:**

Innlendur heildarsparnaður, sem var um það bil 25% af þjóðarframleiðslu fyrir tveimur árum, er nú að mati Seðlabankans kominn niður fyrir 19% í ár. Heildarsparnaður í þjóðfélaginu minnkaði verulega á árinu 1981 þótt peningalegur sparnaður hafi aukist á tímabili það ár, einkum vegna innstreymis erlends fjármagns. Nú ríkir slík lánsfjárkreppa í viðskiptabönkum, að þeir eru um það bil í 1 100—1 200 milljóna króna yfirdrætti hjá Seðlabankanum. Seðlar eru í rauninni prentaðir til að halda bankakerfinu á floti og atvinnuvegunum gangandi um stundarsakir.

4. **Fjárfesting í atvinnuvegunum hefur dregist saman:**

Verulegur samdráttur hefur átt sér stað í fjármunamyndun hjá atvinnuvegunum, ef frá er talinn fiskiskipastóllinn. Magnaukning fiskiskipastólsins er talin nema 14% á þessu ári. Mestur er samdrátturinn í stóriðnaði og stórum virkjunarframkvæmdum. Magnsamdráttur á þessu sviði er samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á yfirstandandi ári 43% og samdráttur í hitaveituframkvæmdum um 31%. **Framleiðni í atvinnuvegunum hefur minnkað.**

5. **Stórfelldar skattahækkanir hafa átt sér stað:**

Skattar til ríkisins hafa hækkað í tíð núverandi ríkisstjórnar um 3.1% af þjóðarframleiðslu, sem jafngildir 960 milljónum króna á verðlagi fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1983, en sú upphæð nemur 28 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Ríkisútgjöldin hafa þanist enn meira út en sem nemur skattahækkuninni, þar sem framkvæmdaframlög og framlög til eignaauka hafa verið skorin verulega niður að raungildi.

Þrátt fyrir þetta væri ríkissjóður rekinn með stórfelldum halla ef eyðsluskuldasöfnun erlendis kæmi ekki til. Áætlað er að ríkissjóður hafi haft umframtekjur vegna óvenjulegrar innflutningseftirspurnar á árinu 1981 og það sem af er á árinu 1982 sem nemur um 800 milljónum króna. Hér er um að ræða eina afleiðingu af stefnunni í gengismálum. Þessi stefna í ríkisfjármálum dregur augljóslega mjög úr svigrúmi ríkissjóðs til að hlaupa undir bagga með skattalækkunum á tíma samdráttar og þverrandi lífskjara, nema til komi alger uppstokkun ríkisfjármála og gerbreytt stefna á þessu sviði.

6. **Mikill samdráttur verður í þjóðarframleiðslu. Lífskjör versna:**

Á síðustu árum hafa þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur staðnað þrátt fyrir metafla og stóraukna framleiðslu sjávarafurða. Kaupmáttur heimilanna hefur minnkað undanfarið, og í

ár og næsta ár verður stórfelldur samdráttur í þjóðartekjum og lífskjörum samkvæmt opinberum spám. Þjóðhagsstofnun spáir nú 7% rýrnun á kaupmætti kauptaxta á næsta ári, 7% rýrnun á kaupmætti elli- og örorkulífeyris og 4.5% rýrnun á kaupmætti elli- og örorkulífeyris þeirra sem njóta tekjutryggingar.

Í þjóðhagsspá Sambands ísl. samvinnufélaga, sem barst fjárhags- og viðskiptanefnd, segir svo orðrétt um rýrnun þjóðartekna á næsta ári:

**„Má jafnvel færa fyrir því rök, að þjóðartekjur gætu rýrnað um allt að því 10% á næsta ári."**

Hér skakkar miklu. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir samdrætti þjóðartekna sem nemur 3.3%. Þeim mun meiri yrði lífskjaraskerðingin á næsta ári ef spá þessara almannasamtaka rætist.

7. **Verðbólgan:**

Verðbólgan hefur stundum verið nefnd „krabbamein" í íslensku efnahagslífi. Hún stefnir nú í áður óþekktar hæðir og mun fyrirsjáanlega verða um 62% á yfirstandandi ári á mælikvarða framfærsluvísitölu, 64—65% á mælikvarða byggingarvísitölu. Þjóðhagsstofnun spáir nú meiri verðbólgu en hún gerði við gerð þjóðhagsáætlunar. Hún telur nú að framfærsluvísitalan hækki skv. framreikningi frá upphafi til loka árs 1983 um 53—56% og meðalhækkun frá árinu í ár verði 60—63%. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar talaði opinberlega nýlega um það, að við værum komin á nýtt verðbólgustig, sem væri milli 60 og 80%.

Hér hafa verið rakin sjö stórhættuleg sjúkdómseinkenni efnahagskreppunnar, en þau magnast nánast með hverjum degi. Augljóst er að öll þessi einkenni hníga í þá átt, að stórfelld hætta er á fjöldaatvinnuleysi á næsta leiti ef haldið verður fram óbreyttri stjórnarstefnu.

## IV. Efnahagsáföllin 1967—69 og 1974—75 þyngri.

Forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa haft við orð að nú sé við að glíma „mestu efnahagsörðugleika í áratugi". Sé gerður samanburður á efnahagsáföllunum 1967—69 og 1974—75 kemur í ljós að þetta er ekki rétt sé útflutningstekjutap þjóðarinnar lagt til grundvallar. Þegar síldin hvarf og stórfellt verðfall varð á afurðum okkar á erlendum mörkuðum í lok sjöunda áratugarins minnkuðu útflutningstekjur þjóðarinnar um 27.6% á föstu verðlagi á tveimur árum, milli 1966 og 1968. Þegar verðsprenging varð á olíu og fyrri orkukreppan skall á 1974 og 1975 minnkuðu útflutningstekjurnar að teknu tilliti til viðskiptakjara um 12.9% milli 1973 og 1975. Nú er talið að útflutningstekjur minnki í ár um 11.2% frá 1981 samkvæmt Þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Hér fer á eftir tölulegur samanburður á ýmsum þjóðhagsstærðum á áfallaárunum 1966—69, 1974—76 og nú 1982:

**1967—1969:**

| | 1966 | 1967 | 1968 | 1969 | 1970 |
|---|---|---|---|---|---|
| Útflutningstekjur í millj. kr. á verðlagi 1969 að teknu tilliti til breyttra viðskiptakjara | 175 | 150 | 137 | 161 | 206 |
| % breyting frá 1966 | | −16.6 | −27.6 | −8.3 | 17.7 |
| Botnfiskafli (þús. tonn) | 339 | 334 | 375 | 451 | 475 |
| Síldarafli (þús. tonn) | 771 | 461 | 143 | 57 | 50 |
| Skuldastaða við útlönd sem % af vergri þjóðarframleiðslu | 9.9 | 16.5 | 26.9 | 29.2 | 21.3 |

**Aðalatriði:**

1. Útflutningstekjur minnkuðu um 27.6% á föstu verðlagi á milli 1966 og 1968.
2. Botnfiskafli jókst um 40% milli 1966 og 1970, en síldin svo gott sem hvarf.

3. Skuldastaðan var aðeins 9.9% af þjóðarframleiðslunni á árinu 1966. Þegar skuldastaðan var allra verst, þ. e. á árinu 1969, var hún 29.2%. Skuldirnar voru síðan greiddar niður í 21.3% af þjóðarframleiðslu á árinu 1970.

**1974—1975:**

| | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 |
|---|---|---|---|---|---|
| Útflutningstekjur í millj. kr. á verðlagi 1969 að teknu tilliti til breytinga á viðskiptakjörum | 269 | 257 | 239 | 282 | 326 |
| % breytingar frá 1973 | | −4.9 | −12.9 | 4.9 | 21.0 |
| Botnfiskafli (þús. tonn) | 398 | 417 | 429 | 441 | 475 |
| Loðnuafli (þús. tonn) | 442 | 465 | 441 | 459 | 813 |
| Skuldastaða við útlönd sem % af vergri þjóðarframleiðslu | 17.8 | 24.5 | 37.7 | 35.3 | 31.6 |

**Aðalatriði:**

1. Útflutningstekjurnar minnkuðu um 12.9% á föstu verðlagi milli 1973 og 1975.
2. Botnfiskafli jókst um 19.4% milli 1973 og 1977. Loðnuafli jókst um 84% milli 1973 og 1977.
3. Skuldastaðan við útlönd var 24.5% af þjóðarframleiðslu á árinu 1974, fór upp í 37.7% á árinu 1975. Skuldirnar voru greiddar niður í 31.6% á árinu 1977.

**1982:**

| | 1981 | 1982 | 1983 |
|---|---|---|---|
| Útflutningstekjur í millj. kr. á verðlagi ársins 1980 að teknu tilliti til breytinga viðskiptakjara | 5 975 | 5 170[1]) | 5 676 |
| % breytingar frá 1981 | | −15.6 | −5.3 |
| Botnfiskafli (þús. tonn) | 699 | 646 | |
| Loðnuafli (þús. tonn) | 641 | 13 | 250 |
| Skuldastaða við útlönd í % af vergri þjóðarframleiðslu | 31.9 | 45.7[2]) | |

1) Miðað við nýjar aflaforsendur byggðar á októbertölum.
2) Skv. hugmyndum Seðlabanka að teknu tilliti til nýrra aflaforsendna.

**Aðalatriði:**

1. Útflutningstekjur á föstu verðlagi minnka um 15.6% milli áranna 1981 og 1982. (11.2% skv. þjóðhagsáætlun).
2. Botnfiskaflinn minnkar um 8.2% milli áranna 1981 og 1982, en **þorskaflinn minnkar um 26.3%.** Loðnuaflinn verður enginn.
3. Skuldastaðan við útlönd var 31.9% af þjóðarframleiðslu á árinu 1981 og verður sennilega 45.7% af þjóðarframleiðslu á þessu ári.

NIÐURSTÖÐUR:

1. Þjóðin er ákaflega illa viðbúin að mæta áfallinu 1982 vegna skuldastöðunnar við útlönd. Skuldastaðan fyrir áföll hefur verið
   1966 — 9.9% af þjóðarframleiðslu,
   1973 — 17.8% af þjóðarframleiðslu,
   1981 — 31.9% af þjóðarframleiðslu.

   Það er athyglisvert, að skuldastaðan þegar best áraði var 31.9% af þjóðarframleiðslunni, verri en 29.2% skuldastaðan, sem þjóðarbúið var í á árinu 1969, þegar verst lét þá. Vinstri stjórnin fyrri greiddi ekki skuldirnar frá 21.3% niður í fyrra mark, heldur í 17.8%, og ríkisstjórnirnar síðan 1978 hafa ekki greitt niður skuldirnar.

2. Ekki verður hægt að komast út út efnahagsáfallinu núna með því að auka sjávarafla á sama hátt og fyrr. Aukning sjávaraflans var:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aukning á botnfiskafla | 1966—1970 | — | 40.0% |
| Aukning á botnfiskafla | 1973—1977 | — | 19.4% |
| Aukning á loðnuafla | 1973—1977 | — | 84.0% |

Þjóðarbúið rétti sig af eftir fyrri áföll með því að auka sjávarafla umfram þann sem gafst á undan þeim.

Algjör metafli var fyrir áfallið í ár, 1982:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Botnfiskafli | 1981 | — | 698 600 tonn, |
| Þorskafli | 1981 | — | 449 400 tonn, |
| Loðnuafli | 1981 | — | 640 000 tonn. |

Óvarlegt er að gera ráð fyrir að afli fari á næstunni fram úr þessu aflameti, og fyrirsjáanlegt er að á næsta ári verður aflinn ekki sem neinu nemur meiri en í ár. Sú leið að auka afla til þess að mæta áfallinu nú er því útilokuð.

### V. Lokaorð.

Eins og að framan er rakið hefur öll meðferð þessa máls af hálfu ríkisstjórnarinnar verið til vansæmdar, enda nú lýðum ljóst að frá upphafi var ætlunin að sniðganga réttar þingræðisreglur, a. m. k. fram yfir áramót, og málatilbúnaður allur er með þeim hætti, að boðið er upp á stéttaátök og langvarandi málaferli. Fulltrúar stjórnarflokkanna hafa neitað að verða við margítrekuðum óskum sjálfstæðismanna um að ganga a. m. k. þannig frá málum, að ljóst væri hver réttaráhrifin yrðu, hvað sem pólitískum ágreiningi liði. Þeir hafa þó nú loks flutt breytingartillögu þar sem ákveðið yrði að helmingsskerðing verðbóta skyldi einungis ná til verðbótatímabilsins 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983, en ekki endurtekin allan þann tíma sem lögin kunna að gilda samkvæmt ótvíræðu orðalagi bráðabirgðalaganna. Ber að fagna því.

Við 1. umræðu hér í deildinni boðuðum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins breytingartillögur þar sem leitast yrði við að draga úr verstu ágöllum laganna og þeirra fylgifrumvarpa sem boðuð höfðu verið. M. a. bentum við á að fresta bæri lengingu orlofs og skerða kjör manna þeim mun minna. Á sama hátt vildum við freista þess að fá fram þá breytingu, að horfið yrði frá hækkun tímabundins vörugjalds.

Frumvarpið um orlof var flutt í neðri deild og hefur verið að velkjast þar, eins og þetta mál hér, bersýnilega í þeim tilgangi að torvelda samræmingu og lausn þeirrar pólitísku flækju sem vísvitandi var til stofnað, og frumvarp um nýjan vísitölugrunn hefur enn ekki séð dagsins ljós, en hins vegar hefur verið ákveðið að engin lausn skuli fást á málum fyrr en í fyrsta lagi einhvern tíma í janúar. Þetta er „pólitíska sjálfheldan" sem forsætisráðherra svo nefndi og ríkisstjórnin er staðákveðin í að viðhalda.

Frestun sú, sem ákveðin hefur verið á afgreiðslu þessara mála, kann að leiða til þess að við undirritaðir gefum út framhaldsnefndarálit, ef mál þessi skýrast og verða tekin fyrir á ný, áður en öll áhrif bráðabirgðalaganna eru fram komin, og þá flytja breytingartillögur í samræmi við það ástand sem þá kann að hafa skapast af óstjórninni og virðingarleysinu fyrir Alþingi Íslendinga.

Alþingi, 15. des. 1982.

Lárus Jónsson,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

**Fylgiskjal I.**

**Yfirlit um þróun efnahagsmála frá 1978.**
(Um ríkisfjármál sjá nefndarálit með fjárlagafrumvarpi.)

EFNISYFIRLIT:


I. **Meginatriði aðgerða og þróunar efnahagsmála frá 1978.**
II. **Helstu einkenni núverandi hættuástands efnahagsmálanna.**
III. **Þróun efnahagsmála frá 1978 — stutt lýsing einstakra þátta.**

1.0. Tölulegar staðreyndir um nokkra þætti aðgerða.
1.1. Skerðing verðbóta á laun.
1.2. Gengisbreytingar og gengissig.
1.3. Vextir og verðtrygging.
2.0. Ytri skilyrði þjóðarbúsins.
2.1. Aukning afla og framleiðslu sjávarafurða.
2.2. Viðskiptakjör.
3.0. Þjóðarframleiðsla, þjóðartekjur, afkoma heimilanna.
4.0. Verðbólgan.
4.1. Árangur „kaupráns“ og „niðurtalningar“.
4.2. Blekkingin mikla 1981.
4.3. Niðurgreiðslufenið.
5.0. Peningamál og innlendur sparnaður.
5.1. Peningalegur sparnaður.
5.2. Innlendur heildarsparnaður.
6.0. Erlend lán — eyðsluskuldasöfnun — viðskiptahalli.
7.0. Fjármunamyndun.
8.0. Afkoma atvinnuveganna.

## I. MEGINATRIÐI AÐGERÐA OG ÞRÓUNAR EFNAHAGSMÁLA FRÁ 1978.

### 1.1. **Glötuð ár:**

Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, sem sjálf nefndi sig vinstri stjórn, komst til valda sumarið 1978. Hún hrökklaðist frá haustið 1979 vegna ágreinings Alþýðuflokksins og samstarfsflokkanna.

Starfsstjórn Alþýðuflokksins sat að völdum fram í febrúar 1980 (7. febrúar), en þá var ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens mynduð. Í þeirri ríkisstjórn fengu framsóknarmenn og Alþýðubandalagsmenn 10 ráðuneyti af 13. Þeir hafa aldrei haft meiri völd frá stofnun lýðveldisins. Alþýðubandalagið telur þessa ríkisstjórn meiri vinstri stjórn en ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, sbr. ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar í Þjóðviljanum árið 1981. Hann segir þar orðrétt:

**„Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar ber mjög svipmót þeirrar afstöðu sem Alþýðubandalagið hefur haft síðan 1978. Sú afstaða varð undir í ríkisstjórninni 1978—1979 (vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar). Nú hefur hins vegar verið tekið tillit til sjónarmiða Alþýðubandalagsins og árangurinn er að koma í ljós.“**

Ríkisstjórnin hefur notið óskaaðstæðna, einkum á árunum 1980 og 1981. Margir gerðu sér góðar vonir um árangur af stefnu hennar og studdu hana í fyrstu. Verkalýðshreyfingin hefur verið jákvæð og ekki gripið til aðgerða, þótt verðbótaskerðingar á laun hafi verið miklar og tíðar og meiri en grunnkaupshækkanir. Þar er ólíku saman að jafna og ólöglegum verkföllum gegn „kaupráni“, eins og Alþýðubandalagið nefndi efnahagsráðstafanir ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar 1978.

Árferði hefur verið hagstætt þar til á yfirstandandi ári. Árin 1980 og 1981 eru mestu metaflaárin í sögunni. Þar kemur til afrakstur af útfærslu landhelginnar undir forustu Sjálfstæðisflokksins á sínum tíma. Sjávarvöruframleiðslan hefur aukist að raungildi um 76% rúm á tímabilinu 1978—1981, þ. e. a. s. aukning framleiðslu og hækkun á söluverði erlendis. Raunveruleg verðmætaaukning hefur því numið til jafnaðar 15% á ári 1978 til 1981. Nú þegar slaknar á afla frá þessum metárum eigum við í „mestu efnahagserfiðleikum í áratugi“ að mati formanns Alþýðubandalagsins, Svavars Gestssonar. Aðrir forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa dregið upp mjög dökka mynd af ástandinu, þó þeir hafi ekki tekið svo djúpt í árinni.

Þessi ummæli Svavars Gestssonar eru ekki rétt. Sé gerður samanburður á áföllunum 1967 og 1968 og 1974 og 1975 við það, sem nú hefur gerst, kemur í ljós að útflutningstekjur rýrnuðu 1967 og 1968 um 27.6% að teknu tilliti til breytinga á viðskiptakjörum, um 12.9% 1974 og 1975, en nú er talið að útflutningstekjur okkar rýrni á árinu 1982 um 11.5% (sjá nánar samanburð á þessum efnahagsáföllum í nefndarálitinu sjálfu). Þessi ummæli formanns Alþýðubandalagsins sýna þó, ásamt öðru sem forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa látið frá sér fara, hversu ástandið er alvarlegt.

Full ástæða er til að taka undir með forráðamönnum ríkisstjórnarinnar þegar þeir lýsa ástandinu, þótt bakslagið nú vegna minni loðnu- og botnfiskafla verði ekki meira en svo, að sjávarvöruframleiðslan verði að líkindum svipuð á föstu verðlagi núna í ár eins og á árinu 1979. Viðskiptakjör rýrnuðu 1979 en hvergi nærri eins mikið og sjávarvöruframleiðslan óx. Viðskiptakjör hafa haldist nokkuð í horfinu frá því að núverandi ríkisstjórn komst til valda, m. a. vegna hækkunar á verði dollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði. Viðskiptakjör eru talin versna í ár um 2—3% en bötnuðu 1981 um 1%.

Mestu aflaár sögunnar, árin 1980 og 1981, komu ekki að meira gagni en svo, að þjóðarbúið stendur frammi fyrir þeim miklu efnahagserfiðleikum, sem forustumenn ríkisstjórnarinnar sjálfrar hafa dregið upp dekkstar myndir af.



Mynd 1.

Stjórnarár ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens má því nefna ,,glötuðu árin" að þessu leyti, auk þess sem tækifærin hafa glatast til uppbyggingar stóriðju og stórvirkjana vegna vinnubragða iðnaðarráðherra á þessu tímabili. Fyrir nokkrum misserum var allt önnur samningsstaða í þessum efnum. Þá voru markaðir betri fyrir þær vörur, sem helst kom til greina að framleiða með mikilli orku.

Fjármálaráðherra hefur talað um að þjóðarbúið standi nú frammi fyrir ,,djúpri kreppulægð". Ástæðuna telur hann aflabrest og erfiðleika á mörkuðum. ,,Heimskreppan sækir okkur heim" er vinsælt slagorð forráðamanna ríkisstjórnarinnar. Á neðangreindum myndum sést glöggt að fleira kemur til. Fyrri myndin sýnir hvernig sjávarvöruframleiðslan hefur aukist ár frá ári til ársins 1981. Hún er sýnd þar á föstu verðlagi. Næstu mynd mætti kalla „niðurtalningu" þjóðarframleiðslunnar. Aukning þjóðarframleiðslu á mann hefur staðnað og almenn lífskjör í landinu hafa versnað á sama tíma ár frá ári, þveröfugt við aukningu sjávarvöruframleiðslunnar. Þetta gerist áður en bakslagið verður í afla og markaðsörðugleikar gera vart við sig fyrir alvöru á árinu 1982. Það er því augljóst, að sú ,,djúpa kreppulægð", sem við er að glíma í efnahagsmálum, stafar af tvenns konar áföllum: Aflaminnkun frá metárunum og vinstri stefnu núverandi ríkisstjórnar.

Aðgerðir ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1978–79 og núverandi ríkisstjórnar hafa verið keimlíkar, enda gamalkunn vinstri úrræði — þveröfugar við grundvallarstefnu Sjálfstæðisflokksins.

Segja má að tímabilið frá 1978 hafi verið enn eitt reynsluskeið vinstri flokka í landinu, enda Framsóknarflokkurinn og Alþýðubandalagið í stjórn þetta tímabil, og er raunar grátbrosleg niðurstaða, að Alþýðubandalagið skuli láta frá sér fara að nú þurfi að gera „neyðaráætlun" til fjögurra ára eftir jafnlanga stjórnarsetu þess og Framsóknarflokkurinn sér ekkert annað en að löggilda ,,niðurtalninguna", sem algerlega hefur farið út um þúfur og orðið að argasta öfugmæli.



Mynd 2.

**Þessum aðgerðum og afleiðingum þeirra má lýsa þannig í meginatriðum:**

1. **Verðlagshöft og „niðurtalning"** áttu að kveða niður verðbólguna (í undir 10% á þessu ári). Verðbólgan stefnir nú hærra en nokkru sinni. Ýmsar stofnanir og almannasamtök spá 60—70% verðbólgu á næsta ári, þrátt fyrir kaupskerðingu 1. sept. og 1. des. um tæp 15%, en verðbólgan var um og yfir 50% þegar ríkisstjórnin tók við.
2. **Gengishöftum** hefur sjaldan verið beitt harkalegar. Þetta hefur valdið gífurlegum taprekstri atvinnuveganna, þótt nú hafi verið gripið til meiri gengisfellinga og gengissigs en þekkst hefur á jafnskömmum tíma. Verð á Bandaríkjadollar hefur hækkað nálægt 100% í ísl. krónum á 12 mánuðum.
3. **Niðurgreiðslur og millifærslur** eru eitt af uppáhaldsbjargráðum þessara ríkisstjórna. Þær hafa leitt út í ófæru í ríkisfjármálum og hættu fyrir landbúnaðinn, en meiri óðaverðbólgu en fyrr. Sama umfang niðurgreiðslna og í ár mundi kosta ríkissjóð 1200 millj. kr. á árinu 1983.
4. **Verðbótaskerðingar á laun** hafa verið meiri og tíðari en áður hafa þekkst. Samtals hafa

verðbætur verið skertar 13 sinnum síðan í des. 1978 sem nemur samanlagt nálægt 50%. Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn bera ábyrgð á þessum verðbótaskerðingum. Þeir flokkar unnu kosningar 1978 á slagorðunum: „Kjósið ekki kauprænsflokkana", „samningana í gildi", „kosningar eru kjarabarátta". Þrátt fyrir þessar verðbótaskerðingar hefur verðbólgan blómgast.

5. **Skattar hafa hækkað meira en nokkru sinni fyrr.** Hækkunin nú í ár frá 1977 nemur 5.7% af þjóðarframleiðslu, einvörðungu skattar í ríkissjóð. Þetta þýðir 51 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu á verðlagi fjárlagafrv. Núverandi ríkisstjórn ber ábyrgð á 28 þús. kr. skattahækkun á hverja fimm manna fjölskyldu, síðan hún komst til valda, á sama verðlagi. Eyðsluútgjöld ríkissjóðs hafa þanist út, en framkvæmdafjárveitingar skornar niður að raungildi.
6. **Eyðslu- og óreiðuskuldasöfnun erlendis** er komin yfir hættumörk. Fjármálaráðherra segir að við séum „að sökkva í ískyggilegt skuldafen". Á sama tíma hefur fjármunamyndun í atvinnuvegunum dregist saman, einkum í stóriðju og stórvirkjunum. Er áföllin dundu yfir 1967 var nettóskuld þjóðarbúsins í hlutfalli við þjóðarframleiðslu 9.9%. Árið 1981 var þetta hlutfall komið upp í 31.9%. Seðlabankinn áætlar að nettóskuldir hækki í 46% á þessu ári og tæp 50% á árinu 1983. Fjármálaráðherra hefur því sannarlega lög að mæla að þessu leyti.
7. **Hnignun og lífskjaraskerðing hafa hlotist af þessari afturhaldsstefnu.** Á metaflaárunum 1980 og 1981 staðnaði þjóðarframleiðslan, kaupmáttur heimilanna rýrnaði, taprekstur varð og minnkandi framleiðni í atvinnulífinu. Það er því rétt, sem fram kemur í fylgiskjali með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar, en þar segir orðrétt: **„Sá vandi, sem við er að glíma, er djúpstæðari og umfangsmeiri en um langt skeið, vegna þess hve þjóðarbúið og atvinnuvegirnir eru vanbúnir að mæta ytri áföllum."**

## II. HELSTU EINKENNI NÚVERANDI HÆTTUÁSTANDS EFNAHAGSMÁLANNA.

Það er óhagganleg staðreynd, að mikil og stórhættuleg efnahagskreppa er skollin á. Forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa viðurkennt þetta hver um annan þveran. Fjármálaráðherra orðaði þetta svo í grein í Þjóðviljanum í sumar: „Þjóðarskútan stefnir í öldudal einhverrar mestu efnahagskreppu síðustu áratuga."

Þetta er að vísu mistúlkun. Efnahagsáföllin, sem dundu yfir í lok áratugarins 1960—70, voru miklu meiri og af öðrum toga. Síldin hvarf og samtímis varð stórfellt verðfall á afurðum. Útflutningstekjur minnkuðu um 27.6% á föstu verðlagi á milli áranna 1966 og 1968. Á hinn bóginn mætti jafna áfallinu 1974—75 að nokkru leyti við það sem gerist í ár. Þá minnkuðu útflutningstekjur á milli áranna 1973 og 1975 um 12.9% á föstu verðlagi, en nú er talið að útflutningstekjur minnki um 11.5% milli áranna 1981 og 1982 (sbr. Þjóðhagsáætlun).

Þrátt fyrir þetta sýna ummæli ráðherrans að vandinn nú er alvarlegur, einkum vegna þess, hve skuldastaða þjóðarbúsins erlendis er orðin hættuleg. Árið 1966 var nettóskuld þjóðarbúsins 9.9% af þjóðarframleiðslu. Árið 1973, þegar olíukreppan skall á, sú fyrri, var nettóskuld þjóðarbúsins erlendis 17.8%. Árið 1981, eftir metgóðæri undanfarinna ára, var nettóskuld þjóðarbúsins erlendis 31.9% af þjóðarframleiðslu, og hún stefnir á næsta ári í 50% af þjóðarframleiðslu. Það liggur í augum uppi, að nú er þrengra fyrir dyrum fyrir þjóðarbúið að bjarga sér yfir bakslag og samdrátt í afla með erlendum lántökum og halda þannig uppi atvinnu. Efnahagsástandið felur því í sér hættu á stórfelldu atvinnuleysi.

**Einkenni hættuástandsins má draga saman í sjö eftirfarandi meginatriði:**

1. **Viðskiptahalli og eyðsluskuldir.**

   Í fyrra og á yfirstandandi ári er áætlað að viðskiptahalli okkar við útlönd verði svo mikill, að hann verði u. þ. b. 5 000 millj. króna á þessum tveimur árum á verðlagi ársins

í ár. Það er upphæð sem nemur tæplega 17% af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Viðskiptahallinn í ár nemur að líkindum nálægt 11% af þjóðarframleiðslu og 6% á næsta ári, sem er bjartsýn áætlun, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir. Um þessa þróun sagði fjármálaráðherra í áður tilvitnaðri grein í Þjóðviljanum, orðrétt: „Við erum óneitanlega að sökkva á kaf í ískyggilegri skuldasöfnun."

Greiðslubyrði langra erlendra lána er talin verða 25% af útflutningstekjum á næsta ári, m. a. vegna óreiðu- og eyðslulána, sem taka þarf til þess að fleyta atvinnuvegunum og jafna viðskiptahallann. Þetta má orða svo, að fjórði hver fiskur fari nú í greiðslu á erlendum lánum. **Þrátt fyrir að viðskiptahallinn sé álitinn minnka í 6% af þjóðarframleiðslu á næsta ári heldur greiðslubyrðin áfram að aukast. Hún er áætluð 23% af útflutningstekjum í ár, en eykst í 25% á næsta ári skv. áætlun Seðlabankans.** Til samanburðar má geta þess, að greiðslubyrði var 1978 13.3% af útflutningstekjum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir svo orðrétt: **„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum."**

Þetta er tvímælalaust **mesta hætta efnahagsmálanna** nú. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er í raun í veði. Það fjármagn, sem tekið er að láni til að jafna greiðsluhalla vegna umframeyðslu, verður ekki fengið að láni til uppbyggingar atvinnuveganna. Þessi skuldastaða í heild er orðin svo óhagstæð, að svigrúm til erlendrar lántöku til uppbyggingar á næstu árum er nánast horfið. Þetta hefur að sjálfsögðu stórfellda hættu á atvinnuleysi í för með sér.

2. **Langvarandi taprekstur undirstöðuatvinnuveganna og skuldasöfnun er eitt einkenni efnahagskreppunnar.**

Í fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1981, 1982 og 1983 hefur fjármálaráðherra sjálfur lýst afkomu fyrirtækja svo: „Í áætlun fyrir árið 1981 hefur verið litið til þess, að afkoma margra fyrirtækja, ekki síst í sjávarútvegi og útflutningsiðnaði, hefur verið **afar slök á þessu ári.**"

Í frumvarpi fyrir árið 1982 segir einnig orðrétt í athugasemdum: „Í áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að skattstofn tekjuskatts félaga hækki minna en tekjur einstaklinga milli áranna 1980 og 1981 **vegna slakrar afkomu atvinnugreina.**"

Þriðja árið í röð segir fjármálaráðherra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1983: „Í áætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að skattstofn tekjuskatts félaga hækki minna en tekjur einstaklinga milli áranna 1981 og 1982 **vegna slakrar afkomu atvinnugreina.**"

Þetta eru skýr dæmi um afkomu atvinnuveganna undanfarin ár, enda á allra vitorði að skuldasöfnunin ein hefur haldið atvinnulífinu gangandi. Sú skuldasöfnun gengur auðvitað ekki til lengdar og hefur í för með sér gífurlegan fjármagnskostnað. Þessi þróun teflir atvinnuöryggi augljóslega í algera tvísýnu, ef ekki er breytt um stefnu og svo fer fram sem nú horfir. Það dregur ekki úr atvinnuleysishættunni, að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir stórfelldum niðurskurði opinberra framkvæmda, einkum úti um land, í skólum, hafnaframkvæmdum og á fleiri sviðum.

3. **Heildarsparnaður þjóðarinnar hefur minnkað svo undanfarið að nálgast hrun.**

Seðlabankastjóri, dr. Jóhannes Nordal, lýsti því á ráðstefnu fyrir nokkru, að innlendur sparnaður, sem var u. þ. b. 25% af þjóðarframleiðslu fyrir tveimur árum, sé nú kominn niður fyrir 19% í ár. Hér er átt við heildarsparnað í þjóðfélaginu. Hann minnkaði verulega á árinu 1981 þótt peningalegur sparnaður hafi aukist á tímabili það ár. Nú ríkir slík lánsfjárkreppa í viðskiptabönkum að þeir eru u. þ. b. í 1100—1200 millj. króna yfirdrætti hjá Seðlabankanum. Seðlar eru í rauninni prentaðir til að halda bankakerfinu á floti og atvinnuvegunum gangandi um stundarsakir.

4. **Fjárfesting og framleiðni í atvinnuvegunum hefur minnkað.**

Verulegur samdráttur hefur átt sér stað í fjármunamyndun hjá atvinnuvegunum, ef frá er talinn fiskiskipastóllinn. Magnaukning fiskiskipastólsins er talin nema um 14% á þessu ári. Mestur er samdrátturinn í stóriðnaði og stórum virkjunarframkvæmdum. Magnsamdráttur á þessu sviði er samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á yfirstandandi ári um 43% og samdráttur í hitaveituframkvæmdum um 31%. Framleiðni í atvinnuvegunum hefur minnkað.

5. **Stórfelldar skattahækkanir hafa átt sér stað.**

Skattar til ríkisins hafa hækkað í tíð núverandi ríkisstjórnar um 3.1% af þjóðarframleiðslu, sem jafngilti 960 millj. króna á verðlagi fjárlagafrv., en sú upphæð nemur 28 þúsundum króna á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Ríkisútgjöldin hafa þanist enn meira út en sem nemur skattahækkuninni, þar sem framkvæmdaframlög og framlög til eignarauka hafa verið skorin verulega niður að raungildi.

Þrátt fyrir þetta væri ríkissjóður rekinn með stórfelldum halla ef eyðsluskuldasöfnun erlendis kæmi ekki til. Áætlað er að ríkissjóður hafi haft umframtekjur vegna óvenjulegrar veltu og innflutningseftirspurnar árið 1981 og það sem af er árinu 1982 sem nemur um 800 milljónum króna. Hér er um að ræða eina afleiðingu af stefnunni í gengismálum. Þessi stefna í ríkisfjármálum dregur augljóslega mjög úr svigrúmi ríkissjóðs til þess að hlaupa undir bagga með skattalækkunum á tíma samdráttar og þverrandi lífskjara, nema til komi algjör uppstokkun ríkisfjármálanna og gerbreytt stefna á þessu sviði.

6. **Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa staðnað.**

Á síðustu árum hafa þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur staðnað, þrátt fyrir metafla og stóraukna framleiðslu sjávarafurða. Kaupmáttur heimilanna hefur minnkað í ár og næsta ár verður stórfelldur samdráttur á þjóðartekjum og lífskjörum skv. opinberum spám. Áætlað er að kaupmáttur taxtakaups rýrni um 7% á næsta ári, ellilífeyrir um 7% og ellilífeyrir með tekjutryggingu um 4.5% skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar.

7. **Verðbólgan.**

Verðbólgan hefur stundum verið nefnd „krabbamein í íslensku efnahagslífi“. Hún stefnir nú í áður óþekktar hæðir og mun fyrirsjáanlega fara fram yfir 60% á næsta ári, sem er það verðbólgustig sem var frá byrjun til loka ársins í ár. Almannasamtök, eins og VSÍ og Samband ísl. samvinnufélaga, spá jafnvel enn meiri verðbólgu á næsta ári ef ekki verður að gert.

**Mikla áherslu verður að leggja á** að flest þessara sjö stórhættulegu sjúkdómseinkenna efnahagskreppunnar fara snarversnandi með hverjum degi. Nú þegar er fyrir dulið atvinnuleysi í þjóðfélaginu, en augljóst er að fjöldaatvinnuleysi hlýst af þessu ástandi á næstu mánuðum ef haldið verður fram óbreyttri stjórnarstefnu.

## III. ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA FRÁ 1978 — STUTT LÝSING EINSTAKRA ÞÁTTA

### 1.0. Tölulegar staðreyndir um nokkra þætti aðgerða.

### 1.1. Skerðing verðbóta á laun.

Flestar aðgerðir í efnahagsmálum, frá því að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við í september 1978, hafa beinst að skerðingu verðbóta á laun. Þessar verðbótaskerðingar hafa oft verið færðar í glansumbúðir félagsmálapakka og almennra yfirlýsinga um umbótamál.

Tvennt er einkum athyglisvert í þessu sambandi. A-flokkarnir svonefndu unnu kosningarnar 1978 á slagorðunum „kjósið ekki kauprànsflokkana“, „samningana í gildi“ og „kosningar eru kjarabarátta“.

Alþýðuflokkurinn vildi í vinstri stjórninni kerfisbundna verðbótaskerðingu á laun, og Alþýðubandalagið hefur síðan tekið þátt í meiri verðbótaskerðingu en áður hefur þekkst.

Alls hafa verðbætur verið skertar 13 sinnum síðan í desember 1978 sem nemur samanlagt nálægt 50%, og er þá meðtalin skerðing verðbóta á laun 1. desember s. l. skv. bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar á fjögurra ára afmæli slíkra aðgerða á þessu tímabili.

Vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar skerti verðbætur á laun 1. desember 1978 um 8.01%. Þessa skerðingu átti að ,,bæta" með a) niðurgreiðslum 3.01%, b) lækkun tekjuskatta um 2% og c) félagsmálapakka 3%. Með þessu hófst dans þessarar ríkisstjórnar um vísitölukálfinn og feluleikur við afleiðingar verðbólgunnar.

Fram til þess að vinstri stjórnin sagði af sér í október 1979 skertust verðbætur á laun tvisvar samkvæmt Ólafslögum, hinn 1. júní 1979 og 1. september sama ár.

Í desember 1979 skertust verðbætur á laun um 4.40% í tíð starfsstjórnar Alþýðuflokksins.

Síðan hafa verðbætur á laun verið skertar 8 sinnum samkvæmt Ólafslögum. Skerðingin 1. september s. l. er sumpart skv. samningum ASÍ og vinnuveitenda og einnig vegna Ólafslaga. Auk þess hefur ASÍ fallist á skerðingarákvæði Ólafslaga í seinni tíð. Sérstök verðbótaskerðing var ákveðin 1. mars 1981 um 7% og var hún gerð með bráðabirgðalögum, og nú hinn 1. desember s. l. varð skerðing samkvæmt bráðabirgðalögunum frá í ágúst sem nemur 7.71%, auk Ólafslagaskerðingar 2.08%, eða heildarskerðing um mánaðamótin nóvember-desember sem nam 9.79%.

Það vekur sérstaka athygli, að ASÍ hefur samið um ákveðna verðbótaskerðingu á laun og lög um kerfisbundna skerðingu, Ólafslög, verið samþykkt í kjarasamningunum. Þessi afstaða Alþýðusambands Íslands er mjög ólík því sem gerðist 1978 þegar ólöglegum verkföllum og útflutningsbanni var beitt gagnvart ákvæðum laga um þessi efni og þau lög nefnd ,,kaupránslög" bæði af A-flokkunum og Alþýðusambandi.

Hér fer á eftir skrá yfir skerðingu verðbóta á laun frá hausti 1978:

**Tafla 1.**
**Skrá yfir skerðingu verðbóta á laun frá hausti 1978.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1978 | 1. des. | 8.01%[1]) | |
| 1979 | 1. júní | 3.16% | Ólafslög |
| 1979 | 1. sept. | 4.40% | Ólafslög |
| 1979 | 1. des. | 2.65% | Ólafslög |
| 1980 | 1. mars | 2.46% | Ólafslög |
| 1980 | 1. júní | 1.53% | Ólafslög |
| 1980 | 1. sept. | 1.55% | Ólafslög |
| 1980 | 1. des. | 1.34% | Ólafslög |
| 1981 | 1. mars | 1.37% | Ólafslög |
| 1981 | 1. mars | 7.00% | Bráðabirgðalög |
| 1982 | 1. mars | 2.19% | Ólafslög |
| 1982 | 1. júní | 0.60% | Ólafslög |
| 1982 | 1. sept. | 4.30% | Ólafslög og samningar ASÍ |
| 1982 | 1. des. | 7.71% | Bráðabirgðalög |
| 1982 | 1. des. | 2.08% | Ólafslög |

**Skerðing 13 sinnum. Samtals um nálægt 50%.**

1) Þessa skerðingu átti að ,,bæta" með a) niðurgreiðslum (3.01%), b) lækkun tekjuskatta (2%) og c) félagsmálapakka (3%).



Samtals skerðing verðbótavísitölu
frá 1. des. 1978 : 48,18 %
8,10%
1.des.
'78
3,16%
1.júní
4,40%
1.sept.
'79
2,65%
1.des.
2,46%
1.mars
1,53%
1.júní
'80
1,55%
1.sept.
1,34%
1.des.
8,37%
1.mars
'81
2,20%
1.mars
0,54%
1.júní
'82
4,29%
1.sept.
spá
7,50%
1.des.


Mynd 3.

1.2. **Gengisbreytingar og gengissig.**

Sú var tíðin að Alþýðubandalagið taldi gengisbreytingar ,,íhaldsúrræði". Vinstri stjórnin hóf feril sinn með gengisbreytingu 4. sept. 1978 (15.%). Síðan var gengið látið síga á valdaferli hennar, en fyrri vinstri stjórn frá síðasta áratug fann upp þetta fyrirbrigði, gengissig.

Núverandi ríkisstjórn hefur fylgt ruglingslegri og hættulegri stefnu í gengismálum. Gott dæmi um þetta er gengisstefnan á árinu 1981 og framan af árinu 1982 og sú stefna sem nú ríkir. Á árinu 1981 var hækkun erlendrar myntar í krónum í engu samræmi við aukningu á innlendum framleiðslukostnaði. Sama er að segja um árið 1982 framan af. Afleiðingin hefur orðið sú, að kreppt hefur verið að atvinnuvegunum, einkum útflutnings- og samkeppnisgreinum. Innflutningur hefur stóraukist og þar með viðskiptahalli, en árangurinn í að hamla gegn verðbólgunni með þessum hætti aðeins orðið á pappírnum um stundarsakir, enda gengishrap nú síðari hluta árs 1982 meira en nokkru sinni fyrr á jafnskömmum tíma.

Í Þjóðhagsáætlun segir svo orðrétt um þessa gengisstefnu: ,,Sýnt virðist að frá ársbyrjun 1981 og allt til þess tíma að krónan var lækkuð í janúar 1982 hafi skapast vaxandi misvægi milli verðhækkunar innflutnings og innlendrar vöru og hafi það misvægi átt drjúgan þátt í vaxandi innflutningseftirspurn eftir því sem leið á árið. **Til marks um þetta má nefna, að á fjórða ársfjórðungi 1980 til jafnlengdar 1981 hækkaði framfærsluvísitalan um 47%, kauptaxtar um 45%, en fob-verð almenns innflutnings án olíu hækkaði um 30%.**"

Í Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1983 er enn vikið að afleiðingum þessarar gengisstefnu. Þar segir orðrétt:

,,Þegar leið á árið 1981 var ljóst, að erfiðleikar hjá útflutningsatvinnuvegunum og samkeppnisgreinum í iðnaði fóru vaxandi."

Þar er beinum orðum vikið að því, að raungengi krónunnar hafi hækkað gagnvart myntum Norðurlanda, Bretlands og Þýskalands um nálægt 10% að meðaltali milli áranna 1980 og 1981, og þar segir orðrétt:

„Hækkun á raungengi veikir samkeppnisstöðu iðnaðar að öðru óbreyttu, en lækkun á raungengi bætir stöðuna."

Hér fara á eftir upplýsingar um gengisþróun á tímabilinu frá 1978 um það leyti sem vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum. Upplýsingarnar eru frá Seðlabanka Íslands í bréfi dagsettu 3. desember 1982.

**Tafla 2.**

| | Hækkun á gengi bandaríkjadollars gagnv. ísl. krónu % | Hækkun á vegnu meðalgengi erlendra gjaldmiðla gagnv. ísl. krónu % |
|---|---|---|
| Frá 25. 8. 1978—1. 12. 1982 | 523.7 | 443.9 |
| Frá 7. 2. 1980 — 1. 12. 1982 | 304.4 | 235.4 |
| Frá 31. 12. 1980 — 1. 12. 1982 | 160.0 | 120.7 |
| Frá 1. 12. 1981 — 1. 12. 1982 | 98.6 | 81.0 |

Af þessum tölum má sjá að hækkun á gengi bandaríkjadollars frá því í lok ágúst 1978 til 1. desember 1982 er hvorki meira né minna en 523.7%. Frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum fyrir tæpum þremur árum hefur dollarinn hækkað um 304.4%. Nýkrónan hefur fallið svo í verði að frá því hún var tekin upp hefur verð á dollar í nýkrónum hækkað um 160% og meðalhækkun á erlendum gjaldmiðlum gagnvart krónunni verið um 120.7%. Síðustu 12 mánuðina hefur dollarinn nærri hækkað um 100% í íslenskum krónum.

Þetta á við um heildarbreytingar á verðgildi erlendra mynta í ísl. krónum, þ. e. a. s. bæði formlegar gengisbreytingar og gengissig.

Frá 1. ágúst 1978 hefur gengi íslensku krónunnar verið fellt formlega á eftirgreindum dögum: 4. september 1978 15.0% gengislækkun, 31. mars 1980 3.0% gengislækkun, 29. maí 1981 4.85% gengislækkun, 26. ágúst 1981 4.76% gengislækkun, 10. nóvember 1981 6.50% gengislækkun, 14. janúar 1982 12% gengislækkun og 25. ágúst 1982 13% gengislækkun.

Þetta sést nánar á mynd 4.

1.3. **Vextir og verðtrygging.**

Í apríl 1979 voru sett lög um stjórn efnahagsmála, ,,Ólafslög". Þar eru ítarleg ákvæði um peninga- og lánamál. Þar er gert ráð fyrir að vaxtaákvarðanir á árunum 1979—1980 skuli við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár inn- og útlána.

Í janúar 1979 voru vextir af afurðalánum vegna útflutningsafurða lækkaðir úr 18.5% í 8.5%. Jafnframt var tekin upp gengisbinding miðað við gengi dollarans á þessum lánum.

Á árinu 1979 var fyrsta skrefið stigið í átt að verðtryggingu. Tekinn var upp verðbótaþáttur vaxta. Annað skrefið var stigið í september og þriðja í desember.

Um áramótin 1980—1981 voru gefin út bráðabirgðalög af núverandi ríkisstjórn (í sjónvarpi) og kváðu þau á um að seinka þessu takmarki um verðtryggingu til ársloka 1981. Jafnframt var ákveðið í lögunum að stofna skyldi til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum þar sem binda átti innlánsfé til 6 mánaða. Þessi ákvæði voru auðvitað í algerri mótsögn hvort við annað. Þetta þýddi að verðtrygging inn- og útlána var að verulegu leyti tekin upp á árinu 1981. Þetta er dæmigert um vaxta- og verðtryggingarstefnu núverandi ríkisstjórnar. Þar hefur eitt rekist á annars horn.

Séu eftirfarandi dæmi um vaxtastefnu núverandi ríkisstjórnar skoðuð kemur þessi hringlandaháttur enn betur í ljós:

Í mars 1981 voru vextir lækkaðir um 1% af víxlum, hlaupareikningslánum og viðbótarlánum.

Í janúar 1982 var ákveðið að öll endurseljanleg afurðalán verði skráð í íslenskum krónum, hætt við dollaratrygginguna og vextir ákveðnir 29% af þessum lánum.

Í apríl var tekinn upp nýr innlánaflokkur, þriggja mánaða bundnar verðtryggðar bækur með engum vöxtum. Vanskilavextir voru lækkaðir úr 4.5% í 4%. Í október s. l. ákvað Seðlabankinn hækkun víxilvaxta og annarra vaxta á óverðtryggðum lánum um 6% og sérstaka hækkun á vanskilavöxtum. Sum afurðalán bera þó 29% vexti.

Þessi vaxtahækkun er að sjálfsögðu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, þótt einstakir ráðherrar hafi reynt að skjóta sér á bak við lög sem ákveða að Seðlabankinn ákveði vexti. Sú ákvörðun hefur jafnan verið tekin í samráði við viðkomandi ríkisstjórn, enda hlýtur ríkisstjórn hverju sinni að bera stjórnskipulega ábyrgð á slíkum ákvörðunum.

2.0. **Ytri skilyrði þjóðarbúsins.**

2.1. **Aukning afla og framleiðslu sjávarafurða.**

Eitt athyglisverðasta einkenni í íslenskum þjóðarbúskap, frá því að vinstri stjórnin tók við völdum 1978, er gífurleg aukning framleiðslu sjávarafurða. Hún jókst um 27% á árunum 1979 og 1980 á föstu verðlagi. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst aukinn afrakstur útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 200 mílur undir forustu sjálfstæðismanna. Aukning sjávarvöruframleiðslunnar var hægari 1981, en engu að síður var það gott aflaár. Þá náði framleiðsla sjávarafurða methámarki í sögu þjóðarinnar.

**Þetta ásamt miklum erlendum lántökum er auðvitað meginskýringin á því, að full atvinna hefur verið á Íslandi undanfarin ár.**

Íslendingar hafa notið þessarar auðlindar sinnar ekkert ósvipað og Norðmenn olíunnar, en þar hefur ekki heldur orðið atvinnuleysi, eins og víða er þó í nágrannalöndum okkar. Það er því algert öfugmæli, að stefna ríkisstjórnanna, sem setið hafa síðan 1978, hafi valdið því,


4. sept. 1978
15%
31. mars 1980
3%
29. maí 1981
26. ágúst 1981
4,76 %
10. nóv. 1981
6,50 %
GENGISFELLING
14. jan. 1982
12 %
21. ágúst 1982
13 %

Mynd 4.

að full atvinna hafi haldist. Þvert á móti. Full atvinna hefur haldist af framangreindum ástæðum, þrátt fyrir óstjórn þá sem ríkt hefur.

Rýrnun viðskiptakjara á árinu 1979 um 9% dró nokkuð úr þeim búhnykk sem metafli og framleiðsla færðu þjóðinni, en hvergi nærri svo að það mætti ekki kallast meira en þolanlegt árferði.

Á árunum 1980 og 1981 héldu aflinn og sjávarvöruframleiðslan áfram að vaxa. Viðskiptakjör héldust í horfinu vegna hagstæðrar verðþróunar dollarans á alþjóðagjaldeyrismörkuðum. Fyrstu tvö stjórnarár núverandi ríkisstjórnar voru því ákjósanleg góðæri, mikill afli og metframleiðsla sjávarafurða í heild þótt loðnuveiðin minnkaði á árinu 1981.

Því hefur verið haldið fram, að sú kreppa, sem nú er orðin hættuástand í efnahagsmálum, stafi af aflabresti einum og markaðserfiðleikum. **Sannleikurinn er sá, að íslenska þjóðin hefur orðið fyrir tvennum efnahagsáföllum. Hið fyrra er að Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn hafa ráðið 10 ráðuneytum af 13 hin síðari ár, og hið síðara er aflaleysi og markaðserfiðleikar á árinu 1982.**

Framleiðsla sjávarvöru verður nálægt því í ár sem hún var 1979, metin á föstu verðlagi. Þetta sýnir best hvað sú fullyrðing er fáránleg, að kreppan í ár stafi fyrst og fremst af aflabresti. Þetta kemur glöggt í ljós í eftirfarandi töflu frá Þjóðhagsstofnun:

**Tafla 3.**

**Framleiðsluverðmæti sjávarafurða (fast verðlag 1981).**

| | 1977 m.kr. | 1978 m.kr. | 1979 m.kr. | 1980 m.kr. | 1981 m.kr. | Spá I 1982 m.kr. | Spá II 1982 m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Loðnuafurðir | 670 | 710 | 790 | 675 | 575 | 200 | 10 |
| 2. Botnfiskafurðir | 2 730 | 2 895 | 3 140 | 3 600 | 3 925 | 3 720 | 3 480 |
| 3. Aðrar sjávarafurðir | 535 | 640 | 854 | 1 020 | 815 | 765 | 765 |
| 4. Samtals | 3 935 | 4 245 | 4 775 | 5 295 | 5 135 | 4 685 | 4 225 |
| 1977 = | 100 | 108 | 121 | 134 | 135 | 119 | 108 |

**Aths.** Þetta á við um framleiðsluverðmætið **á föstu verðlagi.** Sé aukning framleiðslunnar og hækkun á söluverði erlendis lögð til grundvallar hefur **sú verðmætisaukning numið 76.2% frá 1978—1981.**

**Tafla 4.**

**Sjávarafli var sem hér segir í þús. tonnum á þessu tímabili:**

| | Þorskur þús. tonn | Annar botnfiskur þús. tonn | Samtals botnfiskur þús. tonn | Loðna þús. tonn |
|---|---|---|---|---|
| 1978 | 320 | 159 | 479 | 967 |
| 1979 | 360 | 218 | 578 | 964 |
| 1980 | 428 | 231 | 459 | 760 |
| 1981 | 460 | 256 | 716 | 640 |
| 1982(áætlun) | 385 | 280 | 665 | 0 |
| 1983 (spá) | (385) | (280) | (665) | (250) |

## 2.2. Viðskiptakjör.

Viðskiptakjör stóðu í stað á árinu 1978, en 1979 skall á síðari verðhækkun olíu á heimsmarkaði. Viðskiptakjörin versnuðu þá um 9%. Þetta dró úr þeim mikla búhnykk sem aukning afla og verðmætis framleiðslu sjávarafurða hafði í för með sér. Á árinu 1980

versnuðu viðskiptakjör um 3.4%, en bötnuðu um 1% 1981. Segja má því að viðskiptakjör hafi haldist nokkuð í horfinu tvö fyrstu stjórnarár núverandi ríkisstjórnar.

Á yfirstandandi ári (1982) er gert ráð fyrir 2% rýrnun viðskiptakjara, þrátt fyrir litla hækkun á olíu og innflutningi og sífellt styrkari stöðu dollarans. Ástæðan er nokkurt verðfall útflutnings í dollurum á flestum sviðum. Þetta gæti numið sem svarar 150—200 millj. króna tekjutapi í útflutningi, sem er smávægilegt miðað við tekjutap vegna minni afla en metárið 1981.

**Tafla 5.**

**Viðskiptakjör hafa breyst þannig frá árinu 1972:**

| | % frá fyrra ári | Vísitölur (án viðskipta álvers) |
|---|---|---|
| 1972 | — | 100 |
| 1973 | — | 118.3 |
| 1974 | ÷ 9.0 | 106.7 |
| 1975 | ÷ 16.0 | 89.9 |
| 1976 | + 11.9 | 101.1 |
| 1977 | + 8.7 | 109.2 |
| 1978 | + 9.2 | 96.4 |
| 1980 | ÷ 3.4 | 92.4 |
| 1981 | + 1.0 | 95.6 |
| 1982 (fyrri árshelming) | | 95.0 |
| 1982 (Þjóðhagsáætlun) | ÷ 2.0 | |
| 1983 (Þjóðhagsáætlun) | ÷ 2—3% | |

## 3.0. Þjóðarframleiðsla, þjóðartekjur, afkoma heimilanna.

Það vekur sérstaka athygli þegar þróun íslenskra efnahagsmála síðustu ár, frá 1978, er skoðuð, að mikið góðæri til sjávarins, sem lýst er hér að framan, hefur ekki skilað aukinni þjóðarframleiðslu og bætt afkomu heimilanna. Í bréfi frá Þjóðhagsstofnun, dagsettu 26. 11. 1982, til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar segir svo: „Þjóðartekjur á árinu 1981 voru aðeins 5% hærri en árið 1978 og þjóðartekjur á mann eru aðeins 1.5% meiri. **Afkoma þjóðarbúsins hafði þannig nokkurn veginn staðið í stað í þrjú ár áður en hin snöggu umskipti til hins verra urðu á þessu ári.**"

Sú staðreynd blasir því við, að þau gífurlegu verðmæti, sem ausið hefur verið upp úr auðlind fiskimiðanna, hafa runnið út í sandinn. Aukning framleiðsluverðmætis sjávarafurða um 76% rúm í erlendri mynt frá árinu 1979 til 1981 hefur ekki komið að meira gagni en svo að þjóðarframleiðslan staðnar og forráðamenn ríkisstjórnarinnar lýsa því yfir að þjóðarbúið og atvinnuvegirnir séu illa í stakk búin til þess að mæta ytri áföllum.

Þetta þýðir að framlag annarra atvinnuvega til þjóðarframleiðslunnar hefur dregist verulega saman vegna stefnunnar í efnahagsmálum á þessu tímabili.

Þegar árin 1980 og 1981 eru skoðuð sérstaklega vekur það athygli, að viðskiptakjör haldast verulega í horfinu á þessu tímabili vegna hækkunar á verði dollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði. Á þessum fyrstu stjórnarárum núverandi ríkisstjórnar hefur því þjóðarbúið notið sérstaklega góðra ytri skilyrða.

Sömu sögu og um þjóðartekjur má segja um kaupmátt launa. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst lítillega 1981 vegna aukinnar yfirvinnu og bónusgreiðslna, þ. e. a. s. aukins vinnuálags. Í Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar, nr. 53 frá nóvember 1981, segir svo um þetta orðrétt: **„Meðaltímakaup verkamanna í úrtaki nefndarinnar hækkaði um 64.6% á tímabilinu frá öðrum ársfjórðungi 1980 til annars ársfjórðungs 1981. Hér gætir, svo sem**

**áður er rakið, aukinna bónusgreiðslna, en einnig gætir áhrifa af lengingu vinnutíma og hann hefur ekki verið lengri síðan á þriðja ársfjórðungi ársins 1979.**" Kaupmáttur taxtakaups og tryggingabóta frá 1980 til 1983 hefur minnkað verulega.

Hér fer á eftir tafla um breytingar kaupmáttar kauptaxta, ráðstöfunartekna og tryggingabóta 1980 til 1983 (heimild Þjóðhagsstofnun):

**Tafla 6.**

| | 1980 % | 1981 % | 1982 % | 1983 % |
|---|---|---|---|---|
| Kauptaxtar[1]) | ÷ 4.9 | ÷ 1.9 | 0 | ÷ 7 |
| Ráðstöfunartekjur á mann[2]) | ÷ 1.4 | + 4.3 | ÷ 1.0 | ÷ 6 |
| Elli- og örorkulífeyrir[1]) | ÷ 5.2 | ÷ 1.6 | ÷ 2.4 | ÷ 7 |
| Elli- og örorkulífeyrir með tekjutryggingu[1]) | ÷ 4.7 | + 3.4 | 0 | ÷ 4.5 |

1) Miðað við framfærsluvísitölu.
2) Miðað við verðbreytingu einkaneyslu.

**Aths.**: Tölurnar fyrir árið 1982 eru áætlaðar. Tölurnar fyrir árið 1983 eru miðaðar við ákvæði bráðabirgðalaganna frá því í ágúst 1981 og eru byggðar á venjubundnum framreikningi á ferli framfærsluvísitölu eftir helstu kostnaðarþáttum, þ. e. a. s. launum og gengi. Gert er ráð fyrir þeim grunnkaupshækkunum sem þegar er um samið, en öðrum ekki. Miðað er við verðbótaákvæði samkvæmt lögum nr. 13 frá 1979 (Ólafslögum).

Af framangreindum töflum sést að kaupmáttur taxtakaups og elli- og örorkulífeyris hefur minnkað árin 1980 og 1981, sem eru mestu afla- og veltiár í sögu þjóðarinnar.

Á yfirstandandi ári minnka svo í kjölfar góðærisins þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur um 4.5—5% á mann og svipað á næsta ári skv. opinberum spám. Kaupmáttur er talinn minnka enn þá meira en sem svarar þessari rýrnun þjóðartekna, svo sem fram kemur í framangreindri töflu. Að lokum eru hér sýndar breytingar á kaupmætti launa frá árinu 1977:

**Tafla 7.**

| | Kaupmáttur kauptaxta | Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann |
|---|---|---|
| 1977 | + 11.8% | + 12.5% |
| 1978 | + 7.6% | + 8.1% |
| 1979 | ÷ 1.0% | + 1.6% |
| 1980 | ÷ 4.9% | ÷ 1.4% |
| 1981 | ÷ 1.0% | + 4.3% |
| 1982 | 0 | ÷ 1.2% |
| 1983 (spá) | ÷ 7% | ÷ 6% |

4.0. **Verðbólgan.**

4.1. **Árangur „kaupráns" og „niðurtalningar".**

Verðbólgan (framfærsluvísitala) hækkaði úr 26%, sem var verðbólguhraði á 12 mánuðum um mitt árið 1977, upp í 55% eftir eins árs setu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1979. Þrátt fyrir verðbótaskerðingu launa og stórauknar niðurgreiðslur og „niðurtalningu" í þrjú ár fer verðbólgan um eða yfir 60% á þessu ári (64% á mælikvarða byggingarvísitölu) og stefnir enn hærra á næsta ári.

Nýr framreikningur framfærsluvísitölu af hálfu Þjóðhagsstofnunar kemur fram í neðangreindu yfirliti:

**Tafla 8.**

| | Hækkun hvert sinn % | Hækkun síðustu 12 mánuði % |
|---|---|---|
| 1. febrúar 1983 | 11—12 | 62 |
| 1. maí 1983 | 12—13 | 64 |
| 1. ágúst 1983 | 10—12 | 63 |
| 1. nóv. 1983 | 10—12 | 56 |
| Upphaf til loka árs | | 53—56 |
| Meðalhækkun frá fyrra ári | | 60—63 |

Í athugasemdum með þessum tölum segir Þjóðhagsstofnun orðrétt: ,,Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir lækkun á gengi krónunnar umfram það sem kostnaðarhækkanir gefa tilefni til. Þetta eru heldur hærri tölur en nefndar eru í þjóðhagsáætlun og er ástæðan einkum örara gengissig að undanförnu en áður var miðað við.“

Hér gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir því, að verðbólga á næsta ári á mælikvarða framfærsluvísitölu verði 53–56% frá upphafi til loka árs og meðalhækkun frá fyrra ári 60–63%.Vinnuveitendasamband Íslands hefur gert verðbólguspá fyrir næsta ár og samkvæmt henni yrði verðbólgan 63.9% frá ársbyrjun til ársloka og 69.1% að meðaltali frá árinu 1982 til 1983. Segja má að hagdeild Sambands ísl. samvinnufélaga sé með nákvæmlega sömu verðbólguspá og Vinnuveitendasamband Íslands.

Auknar niðurgreiðslur um 6% í framfærsluvísitölu í febrúar og maí á yfirstandandi ári og skerðing verðbóta á laun um 4.3% 1. september s. l. og 9.79% 1. desember slá ekki meira á það ógnarlega verðbólguflóð, sem stjórnarstefnan hefur haft í för með sér, en raun ber vitni.

Enginn mælir því í gegn, að grunnkaupshækkanir hafi verið hóflegar síðustu misseri, enda minni en verðbótaskerðingar á laun. Augljóst er að orsaka verðbólgunnar þarf að leita annars staðar, sem sagt í stjórnarfarinu í landinu.

Samkvæmt nákvæmlega skilgreindri „niðurtalningarformúlu“ ríkisstjórnarinnar átti niðurgreiðslum, millifærslum, frestun verðhækkana á opinberri þjónustu, lántökum til þess að fjármagna taprekstur orkuveita, Sementsverksmiðju o. s. frv.
lamað vaxtarbroddinn í atvinnulífinu, en árangurinn í hjöðnun verðbólgu er þveröfugur við merkingu orðsins. Niðurtalningin hefur breyst í andhverfu sína og er broslegt að enn skuli um það rætt í alvöru af framsóknarmönnum að halda henni áfram og jafnvel lögbinda hana.

4.2. **Blekkingin mikla 1981.**

Verðbólgan er oftast mæld á mælikvarða framfærsluvísitölu í almennri umræðu. Eitt aðaleinkenni stjórnunaraðferða vinstri stjórna er að rugla þennan mælikvarða með niðurgreiðslum, millifærslum, frestun verðhækkana á opinberri þjónustu, lántökum til þess að fjármagna taprekstur orkuveitna, Sementsverksmiðju o. s. frv.

Núverandi ríkisstjórn hefur gengið lengra í þessu efni en aðrar ríkisstjórnir sem fylgt hafa vinstri stefnu. Auk framangreinds feluleiks með afleiðingar verðbólgunnar tók hún það til bragðs að fegra verðbólgutöluna frá ársbyrjun til ársloka 1981 með því að flýta útreikningi verðhækkana síðast á árinu 1980, en fresta því sem frestað varð af verðhækkunum fram yfir áramótin 1981 — 1982.

Síðan hafa talsmenn hennar haldið því fram, að umtalsverður árangur hafi átt sér stað í viðureigninni við verðbólguna árið 1981 og hún hafi stefnt niður undir 40% frá ársbyrjun til ársloka.


VERÐBÓLGA 1960-1983
VIÐREISN
VINSTRI
GEIR
VINSTRI
JÚLÍ '71
ÁGÚST '74
ÁGÚST '78
Spá
%
60
50
40
30
20
10
0
'61
'63
'65
'67
'69
'71
'73
'75
'77
'79
'81
'83

Mynd 5.

Þetta er rangt af framangreindum ástæðum en einnig vegna þess að gengið var þannig skráð á árinu 1981 að útflutnings- og samkeppnisgreinar atvinnulífsins voru reknar með gífurlegum halla og skuldasöfnun. Innflutningur var í tiltölulega lágu verði miðað við innlent verðlag og gegndarlaus af þeim sökum. Eyðsluskuldir hrönnuðust upp vegna mikillar umframeftirspurnar eftir innflutningsvörum, sérstaklega hátollavörum.

Á meðan slíkt ráðslag átti sér stað var auðvelt að fá tímabundið hagstæða mælingu á verðhækkunum á mælikvarða falsaðrar framfærsluvísitölu, sem var víðsfjarri raunveruleikanum. Þegar til lengdar lætur eru slíkar kúnstir auðvitað útilokaðar, enda brast stíflan strax fyrstu mánuði ársins 1982.

4.3. **Niðurgreiðslufenið.**

Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum um síðustu áramót hlutu háðulegustu viðtökur. Forseti ASÍ nefndi þær „drullukökugerð", en þingmenn almennt „þorrabakka". Þessar svokölluðu ráðstafanir fólust í enn einni skattahækkuninni og auknum niðurgreiðslum.

Niðurgreiðslur hafa verið eitt uppáhaldsbjargráð ríkisstjórna frá 1978. Þær eru dæmigerð skammtímaúrræði í viðureigninni við verðbólguna og leiða auk þess til algerrar ófæru í ríkisfjármálum sem allar ríkisstjórnir hafa gefist upp á eftir nokkra mánuði. Sú hefur orðið raunin á að þessu sinni og skal nú gerð stutt grein fyrir því.

Ákveðið var að auka niðurgreiðslur á búvörur sem svaraði til 3ja vísitölustiga hinn 1. febrúar og hins sama 1. júní eða 6 prósentustiga samtals.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar varð framkvæmdin sú, að niðurgreiðslur voru auknar 1. febrúar sem svaraði 2.8% prósentustigum í framfærsluvísitölu, 1. maí 2.4% og 1. ágúst 1.4% (niðurgreiðsla á erlendum kartöflum).

Þegar ákvörðun var tekin um þetta „bjargráð" voru greidd niður 5.2% í framfærsluvísitölunni. Ef upphafleg ákvörðun stæði óbreytt ættu nú að greiðast niður 11.2 prósentustig í framfærsluvísitölunni, en samkvæmt upplýsingum fjárlaga- og hagsýslustofnunar eru nú aðeins greidd niður 8.5%.

Sú ákvörðun um síðustu áramót að auka niðurgreiðslur sem svaraði 6% í framfærsluvísitölu mundi kosta ríkissjóð á næsta ári um 800 millj. króna fram yfir það niðurgreiðslustig sem áður var. Ef halda ætti einnig þeim niðurgreiðslum, sem fyrir voru, mundi það kosta ríkissjóð 1 300 milljónir króna á verðlagi fjárlagafrumvarpsins. Nú eru í frumvarpi til fjárlaga 806 milljónir króna til niðurgreiðslna.

Þetta sýnir, svo ekki verður um villst, annars vegar fáránleika þessara „efnahagsráðstafana" um áramótin og hins vegar algera uppgjöf ríkisstjórnarinnar í niðurgreiðslufeninu.

5.0 **Peningamál og innlendur sparnaður.**

Sparnaði í þjóðfélaginu má í meginatriðum skipta í tvennt: Í fyrsta lagi sparnað fjárfestingaraðila sem varið er beint til fjárfestinga á þeirra vegum, hvort sem um er að ræða opinbera aðila, fyrirtæki eða einstaklinga. Þessi hluti sparnaðarins er mjög háður afkomu viðkomandi aðila. Í öðru lagi er svo peningalegur sparnaður, þ. e. a. s. sá hluti heildarsparnaðarins sem verður til fyrir milligöngu bankakerfis, fjárfestingarlánasjóða, lífeyrissjóða o. s. frv.

Heildarsparnaður í þjóðfélaginu ræðst svo af þessum báðum þáttum.

5.1. **Peningalegur sparnaður.**

Peningalegur sparnaður skiptist í tvo meginflokka: Annars vegar er frjáls sparnaður sem menn inna af hendi að eigin frumkvæði eða án ytri afskipta, t. d. innlán í

bankastofnunum, verðbréfakaup, spariskírteinakaup o. s. frv. Ætla má að þessi hluti sparnaðarins sé næmur bæði fyrir áhrifum ávöxtunarkjara og afkomu sparenda. (Sjá mynd 6.) Í annan stað er svo kerfisbundinn sparnaður, þ. e. sparnaður sem verður til með skipulegum hætti samkvæmt lögum, opinberum ákvörðunum, samningum stéttarfélaga eða öðrum langtímasamningum. Mikilvægustu þættir þessa sparnaðar hér á landi eru á vegum lífeyrissjóða sem ýmist eru samningsbundnir eða lögbundnir.

Hlutfall peningalegs sparnaðar í prósentum af þjóðarframleiðslu fór mjög lækkandi á síðasta áratug, allt til ársins 1977 þegar hann fer niður í 50% af þjóðarframleiðslu. Eftir það snýst þessi þróun við, en 1981 er peningalegur sparnaður talinn aftur kominn upp í 65% af þjóðarframleiðslu.

Síðustu árin hefur innlánsaukning í bankakerfið orðið allmiklu meiri en verðbreytingar á sama tíma. Þannig varð heildarinnlánsaukning 1980 67.1%, á árinu 1981 70.2%. Forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa haldið því mjög á lofti, að með þessu hafi sparnaður í þjóðfélaginu aukist mjög. Því miður er það svo að meginskýringarinnar á þessari innlánsaukningu í bankakerfið á síðustu árum er að leita í því, að mikið innstreymi erlends lánsfjár hefur verið á þessu tímabili.

Í þjóðhagsáætlun forsætisráðherra segir svo um þetta: „Á s. l. ári (árinu 1981) voru gjaldeyrisviðskipti sá þensluvaldur sem miklu réð um mikinn vöxt lausafjár... í bankakerfinu."

Miðað við fyrri tvö ár, árin 1981 og 1980, er peningalegur sparnaður í bankakerfinu hlutfallslega mun minni en þá, eða 55.3% á 12 mánaða tímabili frá september til september.

Aftur á móti hafa útlán úr bankakerfinu aukist um 74% á þessu sama tímabili, fyrst og fremst vegna taprekstrar og slæmrar stöðu atvinnuveganna. Heildaryfirdráttarskuld viðskiptabankanna við Seðlabankann er því um þessar mundir mjög mikil eða um 1 100—1 200 milljónir króna.

### 5.2. **Innlendur heildarsparnaður.**

Eins og áður segir hefur peningalegur sparnaður í bankakerfinu aukist nokkuð á árunum 1980 og 1981 umfram verðbreytingar. Ástæða er til að ætla, eins og kemur fram í þjóðhagsspá forsætisráðherra, að þetta stafi að verulegu leyti af miklum innflutningi á erlendu fé í hagkerfið. Þetta sést best á þeirri alvarlegu staðreynd, að síðustu tvö árin hefur orðið verulegur samdráttur í heildarsparnaði í landinu. Þessi samdráttur kom fram í fyrra, en áætlanir Seðlabankans benda til **að innlendur heildarsparnaður verði minni en hann hefur verið í þrjá áratugi.**

Í erindi, sem dr. Jóhannes Nordal hélt fyrir skömmu, kom fram að heildarsparnaður í þjóðfélaginu hefði síðasta áratug verið að meðaltali rúmlega 25% af þjóðarframleiðslu. Á yfirstandandi ári er þessi heildarsparnaður talinn verða einungis 19% og hefur ekki verið minni á síðasta áratug, svo sem áður segir.

Ástæða fyrir þessu eru langvarandi þrengingar og taprekstur atvinnulífsins í landinu og minnkandi opinber sparnaður þar sem sífellt stærra hlutfall af útgjöldum hins opinbera fer í eyðslu, en sífellt minnkandi í framkvæmdir og fjárfestingu.



Þróun peningalegs raunsparnaðar
Vísitölur stöðustærða í árslok
færðar til fasts verðlags
Innlán
Annar frjáls sparnaður
Kerfisbundinn
sparnaður
400
300
200
100
1955
60
65
70
75
80
(1982 áætlun)


Mynd 6.


Innlendur sparnaður og fjárfesting
Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu
Vergur innlendur sparnaður
Verg innlend fjárfesting
%
32
30
28
26
24
22
20
18
16
14
12
1945
49
53
57
61
65
69
73
77
81
(1982 áætlun)

Mynd 7.

6.0. **Erlend lán — eyðsluskuldasöfnun — viðskiptahalli.**

Erlendar lántökur hafa aukist gífurlega frá 1978. Þar kemur einkum tvennt til: Í fyrsta lagi hefur innlendur heildarsparnaður snarminnkað og hlutur erlends lánsfjár aukist í fjármögnun framkvæmda. Í annan stað hefur eyðslu- og óreiðuskuldasöfnun erlendis aukist og það svo mjög að heildarskuldasöfnun þjóðarinnar, þrátt fyrir minnkandi fjárfestingu, einkum í stóriðju og virkjunarframkvæmdum, er komin á hættumörk.

Hlutur erlends lánsfjár er nú milli 50 og 55% af uppruna lánsfjár til fjárfestinga, en var fyrir skömmu milli 40 og 50%. Um þessa þróun segir Jóhannes Nordal í fyrrgreindum fyrirlestri: „Mun fáum blandast hugur um að hér sé þegar of langt gengið."

Heildarlántökur erlendis í formi langra erlendra lána munu um áramótin 1982 nema um 16 500 millj. króna (reiknað á gengi 31. okt. 1982). Þessi lán voru í árslok 1977 8 700 millj. króna, reiknað á sama gengi. Aukningin er 7 800 millj. króna eða 90%. Um þessar gífurlegu erlendu lántökur sagði Jóhannes Nordal í sama fyrirlestri og áður er vitnað til: **„Er augljóst að heildarskuldir Íslendinga erlendis eru nú orðnar svo miklar að ekki verður gengið öllu lengra án verulegrar áhættu fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar."**

